

Fundargerð 86. fundar stjórnar VM,

fimmtudaginn 25. september kl. 11:00. VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Gylfi Ingvarsson, Samúel Ingvason, Gunnar Sk. Gunnarsson, Guðmundur Sigurvinsson, Jón Jóhannsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Guðni Þór Elísson, Sævar Örn Kristjánsson.

Fundarritun: Halldór Arnar Guðmundsson

Dagskrá :

1. Forseti ASÍ Gylfi Arnbjörnsson
2. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 85
3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
4. Tilnefning í stjórn og sviðstjórn IDUNNAR
5. Samstarfssamningur félaga iðnaðarmanna
6. 41. þing ASÍ
7. Breyting á laganefnd VM
8. Frumvarp til fjárlaga 2015
9. Lagt fram til upplýsingar
10. Önnur mál

Fyrir fundinn var farið yfir glærur um laun í vél- og málmæknigreinum samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Fundurinn var settur kl. 11. Forseti ASÍ hafði boðað seinkun.

Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 85 - Samþykkt

Yfirferð verkefna VM og stöðu kjaramála

Sagt var frá því að rafrænt fréttabréf hafi verið sent út fyrr í mánuðinum og að ætlunin væri að senda slík bréf mánaðarlega.

Á vettvangi úrskurðarnefnd er unnið að verðlagsmálum á uppsjávarafiski, í samvinnu við Verðlagsstofu. Fulltrúar úrskurðarnefndar hittu ráðherra vegna mála Verðlagsstofu, en þar vantar peninga í reksturinn. Starfsmenn þar komast t.d. ekki suður á fundi

Samkvæmt gögnum frá vinnálastofnun eru 49 félagsmenn í atvinnuleit.

Um mönnunarmál á fiskiskipum er það að segja að fundað var með vélstórum á Hoffelli ásamt fulltrúa LÍÚ. Næst verður fundað með vélstjórum á Berki og Beiti. Niðurstaða fundanna verður lögð fyrir fagnefnd sjómanna í VM. Hugsanlega verður mönnun misjöfn, þ.e. tveir á sumum skipum er þrír á öðrum. Það fer eftir aðstæðum um borð, búnaði og sjálfvirkni. En VM telur forsendur fyrir fækkun m.a. þær að vélstjórar vinni ekki við afla og veiðarfæri.

Forseti ASÍ kom í hús kl 11:27.

Hann sagðist vera á ferðinni að hitta stjórnir félaganna og fara yfir málin. Hann lýsti stöðu mála fyrir komandi kjaraviðræður þannig að margir hópar væru með kröfur um að hafa meira að segja um sín mál og sækja leiðréttingar. Einnig væri sú skoðun almennt uppi að staða

atvinnugreina væri misjöfn, þar sem sumar geti greitt hærri laun á meðan aðrar ættu erfiðar með það.

Eftir samninga um síðustu áramót er staðan innan Verkalýðshreyfingarinnar snúin. Samningar sem gerðir voru í desember 2013 voru felldir í nokkrum aðildarfélögum og var það um margt merki um að erfiðara væri að fá samþykka samninga sem byggja á hugmyndum um lágar launahækkunar og væntingum um lága verðbólgu. Samningar sem gerðir voru í febrúar 2014, fóru í kosningu á sama tíma og mælingar sýndu að verðbólga færi minnkandi.

Hin hliðin er alltaf verðbólga. Að atvinnurekendur velti launahækkunum út í verðlag og aðkoma ríkisstjórnarinnar. Forsendur fyrir aðkomu ríkisstjórna hafa alltaf verið þær að gerðir væru samningar um litlar launahækkunar. Framsetning fjárlagafrumvarpsins með skerðingum og niðurskurði er ekkert nýtt. Hefð er fyrir því að ríkisstjórnir boði skerðingar og bjóði svo Verkalýðshreyfingunni í viðræður og þrútt um skerðingarnar gegn því að gerðir væru kjarasamningar um lágar launahækkunar.

Aðgerðin(samningarnir) í desember og febrúar s.l. heppnaðist að því leyti að verðbólga minnkaði og kaupmáttur óx. Félög opinberra starfsmanna fóru aftur á móti ekki með í þá vegferð.

Efast má um að lága verðbólgan sem nú mælist verði viðvarandi. Menn eygðu t.d. möguleika á 2% raunvöxtum, en seðlabankinn hefur hækkað stýrivesti í 3,3%. Með þessari hækkun er verið að éta upp mögulegan ávinning af skuldalækkunum ríkisstjórnarinnar. Hávaxtastefna Seðlabankans mun ekki auðvelda fólki að greiða lánin sín.

Krafan í næstu kjaraviðræðum verður að rétta hlut félagsmanna ASÍ. Launþegar á almennum markaði eiga ekki að halda niðri verðbólgu fyrir aðra. Launahlutfall hér á landi er lágt, samanborið við önnur lönd. Hagnaður í fiskiðnaði er mjög mikill og skattar á útgerðir og eignafólk hafa lækkað. Samninganefnd ASÍ kom þeim skilaboðum til SA fyrir sumarfrí að verkefni næstu samninga verði að leiðrétta hópa en ekki það sem samið var um síðustu samningum.

Forsteti ASÍ áætla að ekkert fái frá atvinnurekendum nema með aðgerðum. Félögin þurfa að ganga að því tryggja að þau fái samþykki til aðgerða. Stjórnvöld og atvinnurekendur gera ráð fyrir því að forsvarsmenn stéttarfélaganna fái ekki umboð til aðgerða. Staðan er einfaldlega þannig að stéttarfélögin og ASÍ þarf á því að halda að hreyfingin bíti frá sér.

Ríkissáttasemjari hafði frumkvæði að verkefni með aðilum vinnumarkaðarins um ný vinnubrögð við gerð kjarasamninga, sem sótti fyrirmyndir til hinna norðurlandanna. Um sveigjanlegri kjarasamningagerð sem byggir á starfsgreinasamningum og meðaltals heildarhækkun. SA hefur ekki lagt neitt til eða sýnt að samningar verði á þessum nótum. VM hefur sýnt mikinn áhuga á starfsgreinasamningum í málm- og véltæknigreinum en innan hreyfingarinnar hafa menn ekki gengið frá því hvernig staðið verði að slíkum samningum.

Að loknum samræðum við Forseta ASÍ hélt fundurinn áfram.

Tilnefning í stjórn og sviðstjórn IDUNNAR

Óbreytt skipan samþykkt.

Samstarfssamningur félaga iðnaðarmanna

Drög að samningi liggja fyrir og textinn eins og hann varð eftir yfirferð félaga með beina aðild. Áætlað að senda drögin á Rafiðnaðarsambandið, Samiðn og FIT, ef stjórnin gerir ekki athugasemdir. Samþykkt að senda blaði eins og það er.

41. þing ASÍ

Unnið að samantekt þingfulltrúa VM. Verður lagt fyrir fulltrúaráðsfund sem haldin verður þann 25. september kl. 20:00.

Breyting á laganefnd VM

Blað með eldri reglum um laganefnd VM lagt fram. *Laganefnd VM – hlutverk, skipan og starfsfyrirkomulag*. Kallað var eftir hugmyndum um breytingar.

Frumvarp til fjárlaga 2015

Áætlaður niðurskurður snertir launafólk, lífeyrissjóði og sjúklinga. Í Fréttabréfi ASÍ var góð samantekt um málið.

Lagt fram til upplýsingar

Efni um ASÍ-Ung. Samningur við vinnuvernd um störf trúnaðarlæknis. Ályktun NMF um undirmönnun.

Önnur mál

Drög að reglugerð fyrir vinnudeilusjóð VM lögð fram.

Uppkast að ályktun stjórnar og fulltrúaráðs VM um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Samþykkt að leggja fyrir fund fulltrúaráðs.

Rætt var um aðgerðir umhverfissamtaka gegn hvalveiðum Færeyinga. Umræða um þetta væri engin hér.

Fundi slitið kl. 14:10